

Stjórnarfundur fundargerð 8.10.2019

Staðsetning:	Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo
Dagsetning:	08.10.2019
Fundar tími:	17:00
Fundi slitið:	21:40
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (II), Ritari - Björn (BH) og Með stjórnandi - Rebekka (RI). Katla var til staðar allan fundinn gegnum nettengingu. Sóknarprestur - Sr. Inga (IH) var með frá klukkan 17.30 til kl 19.00 en Freydís frá 17.30-19.35 vegna M&L. Gróa Hreinsdóttir var frá upphafi til klukkan 17.27

Dagskrá

- 1 Fundur með Gróu
- 2 Workshop
- 3 Á döfinni (sóknarprestur)
- 4 Staðan í M&L
- 5 Fundargerð seinasta fundar
- 6 Fjárhagsstaða
- 7 Meðlimaskrá
- 8 Fréttabréf
- 9 Skráning verkefna
- 10 Samningur við kóra og messukaffi
- 11 Önnur mál

Umræður

1. Breyttar áherslur á vali á tónlistarmönnum við atburði sem söfnuðurinn og M&L standa fyrir útskýrðar. Verkefnatengdar beiðnir koma frá sóknarpresti við helgihald, bæði undirleikara og annað tónlistarfólk. Gróa vill fá góðan undirbúningstíma, þar sem hún

hefur í mörgu að snúast. Er fjölhæf og getur spilað hvað sem er. Engir starfssamningar verða gerðir við undirleikara. KS, BH og IOI sjá um tónlistarsamninga. Fundi með Gróu lokið kl 17.25.

2. Workshop. Farið yfir uppbyggingu (grind) nýrrar heimasíðu.
3. Messa framundan með Ískórnum, Ómari og Jónasi sem leika undir í Böler kirkju. TTT starfið hefst 15 október. Fjölskyldumorgnarnar halda áfram. Sendiherra kemur á 60+ á þann 10. október. Ólafíuhátíð verður haldin sunnudaginn 20. október. Hefðbundin messa í byrjun nóvember. Leikhúsferð þann 22. nóvember. Desember er skipulagður en vantar undirleikara í Prándheimi. Aðventuhátíð 1. desember, væntanlega í Böler kirkju. Beðið eftir svari frá Steinunni Ólínu um að vera ræðumaður. Samnorraen messa verður haldin í mars 2020.
4. Þórhallur og Ómar hafa sagt sig úr Menningar- og listanefnd. Freydís heldur áfram af fullum krafti.
5. Fundargerð síðasta fundar frestað til næsta netfundar.
6. Fjárhagsstaðan er nokkurnvegin í réttum farvegi á meðan við verjum peningunum vel og samkvæmt áætlun. Framtíðin er háð því að sóknargjöldin koma inn. Þau eru byrjuð að koma inn.
7. Meðlimaskrá enn ekki í höndum safnaðar. Þór Garðarsson ætlar að reyna að ná í RS og gera honum grein fyrir alvarleika málsins. Anna (lögfræðingurinn) ætlar að semja og senda bréf til Brønnøysundsregistreret, og væntanlega líka til Fylkesmannen til þess að endurheimta meðlimaskrána. Söfnuðurinn gæti fengið sekt sem er 4% av sóknargjöldum safnaðarins miðað við 7000 meðlimi.
8. Senda út rafrænt fréttabréf um 20. október s.s. á heimasíðu, tölvupóst og á Facebook ar sem að einnig verur auglýst. Umsjón og hönnun í höndum Freydísar. Stefna að því að senda út dagatal tvisvar á ári, jan-júní og júlí-desember. Dagskrá þarf því að vera tilbúin fram í júlí. Kostnaður allt að 20.000 í hvert skipti.

9. Byrjað að nota Planner með verkefnalýsingu stjórnar og starfsmanna. Ekki ákveðið hver verður ábyrgðarmaður. Il sér um þetta fyrst um sinn.

10. IOI hefur rætt við fleiri kóra sem eru jákvæðir nýjum samningum, nema Ískórinn sem enn vill fá fund með stjórninni. Erfitt er að fá aðila í Ósló til að hafa messukaffi. Þarf að leysa til frambúðar.

11. Önnur mál.

- Alþjóðamessa stangast á við fermingarferð í maí 2020 en ferðinni verður breytt í ungliðaferð til þess að nýta pöntun á húsi.
- Kötlu miðar ágætlega áfram með hafa samband við formenn íslendingafélaganna úti á landi.
- Stungið upp á að Freydís fái 20% starf fram til næsta aðalfundi sem menningarfulltrúi safnaðarins. Málið sett á dagskrá næsta stjórnarfundar.
- Lítið sem ekkert er til af gögnum sem vitnar til starfa Rúnars.
- SOME (e. social media): (IOI) búið að gera óformlegan samning um að hanna nýja heimasíðu og «bleeding» (flæði upplýsinga) á viðburði.
- Árshjól, 90- og 30-daga verkefnalisti komið af stað (nota «Planner»).
- Á netfundum skal taka fyrir fasta dagskrárliði og á staðarfundum (Ólafíustofu eða annarsstaðar) skal taka önnur mál og funda með til dæmis öðrum nefndum, Ólafíusjóð og öðrum eftir þörfum. Stefnt að vinnufundi 22. nóvember.
- Ólafíusjóður er að komast á skrið. Ætla að hafa samband við Steinunni Þórðardóttur sem vonandi verður í aðalstjórn sjóðsins.
- Laganefnd þarf að fara yfir lög safnaðarins - og vísa í lög þjóðkirkjunnar.
- Koma á «bókaflakki» - fá lágan bókaskáp fyrir framan skrifstofu starfsmanns og taka á móti bókum.
- Finna út hver lagði rafmagnið í Ólafíustofu; vantar upplýsingar í rafmagnstöfluna.
- Klára að flokka og henda/gefa það sem þarf í Ólafíustofu.
- Ráðast skal í kaup á nýjum stólum frá IKEA og annað sem á að skipta út í Ólafíustofu
- Leyfi þarf hjá yfirvöldum til að nota kyndla í útigöngu á Ólafíuhátíð.

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
------------	--------	---------	----------------

Innkaup á innanstokksmunum	IH, starfsmaður	Sem fyrst	

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Setja inn viðburði í dagatal	Allir ?	Jafnóðum		
Kyndlaleyfi hjá lögreglu	Rebekka	Sem fyrst		
Athuga ráðningu á Freydísi	II	Sem fyrst		
Funda með Önnu lögfræðing	JMA	Vika 42		
Fundur með Ískórnum	BH, IOI	Sem fyrst		
Hlaða niður app fyrir hitastýringu	Allir	Sem fyrst		
Athuga hver hefur séð um raflagnir	BH, IOI	Sem fyrst		